

## Bækur lesnar

Í Pálmholti er gott bókasafn sem er faglega valið og samanstendur af gömlum og góðum bókum í bland við nýjar. Við leggjum áherslu á að velja bækur til lestrar fyrir börnin sem höfða til þroska þeirra og áhugasviðs. Bækur notum við einnig mikið í tengslum við þemu og þau verkefni sem verið er að vinna hverju sinni.

Bækur eru lesnar daglega í samverustundum og leggjum við áherslu á að samverstundir séu gæðastundir fyrir alla og góður vettvangur til að efla málþroska, einbeitingu og hlustun.